

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
b/t Jóns Þrándar Stefánssonar  
Skúlagögu 4  
101 Reykjavík**



*Norðurþing*

### **Málefni: Umsókn um byggðakvóta f.h. Norðurþings**

Ágæti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Kristján Þór Júlíusson.

Með vísan til auglýsingar ráðuneytisins dagsett 19. október 2019, sendir undirritaður f.h. sveitarfélagsins Norðurþings hér með inn umsókn um byggðakvóta fyrir fiskveiðíárið 2019/2020 á grundvelli 10. gr. laga nr. 116/2006, með síðari breytingum.

Rökstuðningurinn fyrir umsókninni er sem hér segir:

Norðurþing er víðfemt sveitarfélag sem stofnað var árið 2006 þegar Húsavíkurbær, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur og Raufarhafnarhreppur sameinuðust. Í Norðurþingi eru því þrír péttbýliskjarnar þar sem sjávarútvegur er ein undirstaða atvinnugreina svæðisins. Péttbýliskjarnarnir sem um ræðir eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Með þessari umsókn er sótt um byggakvóta fyrir two af þessum þremur byggðakjörnum sem talið er að falli undir viðmið um úthlutun; Kópasker og Raufarhöfn.

Fyrir Kópasker (121 íbúar 1. jan. 2019) og Raufarhöfn (168 íbúar 1. jan. 2019) er sótt um byggðakvóta fyrir minni byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Forsaga umsókna Norðurþings um byggðakvóta á þessa staði undanfarin ár er sú sama og helgast af mikilvægi sjávarútvegsins á Raufarhöfn og Kópaskeri og þá þróun sem orðið hefur í aflaheimildum á þessum stöðum undangengna two áratugi eða svo. Hrun rækjustofnsins gerði það að verkum að rækjuverksmiðjan Gefla á Kópaskeri lagði upp laupana 2002 með tilheyrandi fækkun starfa. Á Raufarhöfn hætti útgerðin Jökull starfsemi og þær aflaheimildir sem fyrirtækinu fylgdu fóru annað. Staða mála í dag er sú að nánast öll útgerð á nefndum stöðum byggist á smábátaútgerð, sem hefur haldið uppi fiskvinnslu GPG á Raufarhöfn og um tíma hjá Saltfiskverkun Hólsteins Björnssonar á staðnum. Sírtækur byggðakvóti Byggðastofnunar á Raufarhöfn hefur haldið lífinu í vinnslu GPG á ársgrundvelli en sú fiskverkun er í reynd máttarstólpí atvinnulífsins í plássinu. Það er alveg ljóst að ef byggðakvóta undanfarinna ára hefði ekki notið við, væri erfitt að halda úti fullri vinnslu hjá fyrirtækinu, hvað þá að starfsemi Hólsteins Björnssonar með saltfiskverkun hluta úr árinu væri möguleg. Starfandi fyrirtæki á Raufarhöfn berjast í bökkum við að þróa og efla þá vinnslu sem til er ásamt því að koma nýjum afurðum á markað. Fyrirsjáanleiki kerfisins er nær enginn og því erfitt að gera langtímaáætlanir.

Það er von sveitarfélagsins að úthlutað verði til beggja þessara staða og að alþingi taki til endurskoðunar byggðakvótakerfið í heild sinni með það að leiðarljósi að betur megi sjá fram í tímann hvað varðar úthlutaðar heimildir á þessum grunni kvótakerfisins.

*Norðurþing*

Þess er jafnframt óskað að sérreglur gildi um úthlutnina á árinu 2019/2020 sem hér segir.

Sérreglurnar fyrir Norðurþing skulu vera óbreyttar frá fyrra ári, en þær hafa hljómað svo:

- a) Ákvæði 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið satðfestir samkvæmt 2. og 3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.
- b) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.
- c) Ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skyld að landa þeim afla sem telja á til byggðarkvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.

Það er eindregin ósk okkar að ráðuneytið úthluti sveitarfélaginu Norðurþingi byggðakvóta vegna þéttbýliskjarnanna, Raufarhafnar og Kópaskers og með þeim hætti verði skotið styrkari stoðum undir störf sjómanna og fiskverkunarfólks í sveitarfélaginu.

Virðingarfyllst

f.h. sveitarstjórnar Norðurþings

Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri

Norðurþing